

**Umsögn um bingskjal nr. 3, tillögur Stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnskipunarlaga**

Fyrst vil ég lýsa mikilli ánægju minni með einróma niðurstöðu Stjórnlagaráðs. Alþingi hefur fengið vel heppnað verk í hendur. Vinna ráðsins grundvallaðist á hugmyndum þjóðfundar og tillögum sérfræðinga, en niðurstaðan leiðir í ljós töluverða visku sem býr með þjóðinni, þrátt fyrir allt. Án nokkurs vafa hefur hið umfangsmikla og opna samráð sem Stjórnlagaráð hafði við almenning í landinu leitt af sér niðurstöður sem mikill meirihluti þjóðarinnar ætti að geta sætt sig við.

Eflaust gætum við flest nefnt eitt eða fleiri atriði sem við vildum hafa með öðrum hætti. Ég ætla að nota tækifærið og nefna eitt tiltekið atriði sem þó má alls ekki skoðast sem áfellisdómur yfir skjalinu: Að mínu mati á ríkisborgararétturinn að tryggja öllum lögráða einstaklingum rétt til að kjósa, óháð lögheimili, og einnig að geta boðið sig fram ef viðkomandi hefur aldur til og óflekkað mannorð.

Eins og málum er nú háttað, og sömuleiðis í tillögu Stjórnlagaráðs, er vísað til laga um kosningar til Alþingis. Þannig gæti fólk misst stjórnarskrárvarinn rétt sinn hvað þetta varðar ef það flytur búferlum erlendis. Rétturinn til að kjósa og geta boðið sig fram er að mínu mati of mikilvægur til þess að hægt sé að breyta honum eftir hentugleikum með einfaldri lagabreytingu. Þessi athugasemd mín varðar greinar 41-42 í tillögum Stjórnlagaráðs og einnig 77. gr.

Reykjavík, 30. nóvember 2011.

Sigurður Hreinn Sigurðsson.

Kt. 201062-5009.